

Tölvumál 2004

Starfsemi Tölvumála á síðasta ári var með líku sniði og árið áður þar sem lögð var megináhersla á vefútgáfuna. Við héldum undir lok ársins að eitthvað vantaði upp á þann greinafjölda sem að var stefnt en þegar upp var staðið munaði ekki miklu.

Öflun greina fyrir vefútgáfuna gekk mjög vel á fyrri hluta seinasta árs en eftir sumarfrí dró nokkuð úr, meðal annars vegna undirbúnings á árlegri prentútgáfu Tölvumála.

Ritstjórn ákvað að tileinka blaðið Arðsemi í upplýsingatækni og kom það út í október og var 42 síður og innihélt 13 greinar sem allar nema ein voru nýjar en ekki endurbirtar vefgreinar eins og var í fyrra að hluta til.

Eins og gefur að skilja skiptir öflun auglýsinga töluverðu máli og hafði fagfólk hönd í bagga með þann þátt og gekk vel. Auglýsingatekjur létta okkur róðurinn en trú okkar er að Tölvumál séu frábær leið fyrir auglýsendur að ná til fagfólks í UT.

Eftir útgáfuna á pappírsmála var minna birt af greinum á vefnum en um vorið en þar komu við sögu smávægilegir tæknierfiðleikar sem búið er að laga.

Smáfréttir eru birtar nánast daglega og þegar best lætur eru þær allar endurnýjaðar. Eins og sagt var frá á síðasta aðalfundi er reynt að finna forvitnilegt efni sem ekki ratar á síður annarra fjölmiðla á Íslandi en tilgangurinn er samhlíða að laða fleiri að síðum félagsins ásamt því að halda vefnum ferskum og í stanslausri endurnýjun.

Fastur liður á vef félagsins er skoðanakönnun um UT málefni og hún er endurnýjuð reglulega. Kannanir þessar vekja forvitni margra sem síðan taka þátt til að sjá hvernig atkvæðin skiptast. Við notum þær hinsvegar til að sjá umferðina því draga má ályktanir um hana eftir því hvernig prósentuskiptingin breytist við hvert nýtt atkvæði.

Af þessu leiðir að vel er fylgst með umferðinni og reynt að örva hana en vefur félagsins er meðal þeirra sem Modernus kannar og hefur sky.is um talsvert skeið verið meðal 100 efstu og einu sinni náð 65 sæti. Það finnst okkur góður árangur í ljósi þess að vefsetur á Íslandi skipta þúsundum.

Við vonumst til að geta byggt upp hóp sem fer daglega inn á vefinn í trausti þess að geta lesið nýjar fréttir en um leið séð hvaða atburðir eru á döfnni. Vonast er til að þannig megi auka aðsóknina að fundum og ráðstefnum og aukið lestur frumsaminnna greina sem við birtum á vefnum.

Á stjórnarfundum nýlega var ákveðið að fjölga prentuðum tölublöðum í tvö á ári og er vinna hafin við skipulag og hvaða efni á að taka fyrir í næsta blaði. Það er stefnt að útgáfu um miðjan maí en einnig er núna að hefjast vinna við endurbætur á vefnum sem ættu að líta dagsins ljós innan tíðar.

Einar H.Reynis, ritstjóri ritnefndar Tölvumála